

Tillaga til þingsályktunar

um að komið verði í veg fyrir uppsagnir eða mismunun í starfi vegna aldurs.

Flm.: Ögmundur Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja undirbúning að lagasetningu með það að markmiði að fólk sé ekki látið gjalda aldurs síns á vinnustað, hvort heldur er með uppsögnum eða mismunun í starfi.

Greinargerð.

Margt bendir til að það færist í aukana að stjórnendur á vinnustöðum leggi áherslu á það við mannaráðningar að ráða ungt fólk til starfa fremur en þá sem eldri eru, jafnvel þótt síðarnefndi hópurinn búi að lengri starfsreynslu. Sums staðar er jafnvel gengið lengra, eldra fólk sagt upp störfum til að rýma fyrir þeim sem yngri eru.

Jafnhliða þessari þróun hefur verið losað um ráðningarfestu þar sem hún hefur verið hvað traustust, þ.e. hjá opinberum starfsmönnum. Stofnanir og fyrirtæki hafa jafnvel gengið svo langt að taka upp þá stefnu að segja fólk upp störfum þegar það hefur náð tilteknum aldri, langt innan við aldursmörk sem lög og samningar kveða á um. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þegar lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna var breytt árið 1996 var tekin upp sú nýbreytni að ráða embættismenn aðeins til fimm ára í senn. Þetta á einnig við um heilar starfsstéttir og má þar nefna lögreglumenn, tollverði og fangaverði.

Þetta hefur valdið óöryggi hjá eldra fólk og ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er að fram fari endurskoðun á lögum með það fyrir augum að tryggja stöðu einstaklinga svo að þeir verði ekki látnir gjalda aldurs síns á vinnustað. Þannig yrðu til dæmis mjög veigamikil rök að vera fyrir því að launamenn sem starfa samkvæmt framangreindri fimm ára reglu fái ekki endurráðningu. Mikilvægt er að endurskoðun laganna fari fram í nánú samstarfi við samtök launafólks.